# Úrgangur frá verkstöðum ÞG Verks 2025.

**Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs árið 2025 og samanburður við fyrri ár.**

## 1. Úrgangur frá verkstöðum: Magn og endurheimtuhlutfall (endurnýtingarhlutfall).

Undanfarin misseri hefur það verið stefna hér að landi að minnka sem mest úrgang sem fer í landfyllingu, þ.e. er ekki endurheimtur með endurnýtingu, bruna til orkuframleiðslu eða á annan viðukenndan hátt. Því er nú lögð áhersla á að skoða endurheimtuhlutfall úrgangs frekar en flokkunarhlutfall.

Í töflunni hér að neðan má sjá magn og endurheimtuhlutfall verkstaða, raðað eftir endurheimtuhlufalli. Nokkur verk (Hjúkrunarheimili, Tónahvarf, Urðarhvarf) eru í lokafrágangi og með fá tonn og flokkast verr.

| | 2023 | | 2024 | | 2025 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verkstaður** | Tonn | Endurn. | Tonn | Endurh | Tonn | Endurh |
| Ölfusárbrú | | | | | 4 | 100% |
| Dalvegur | | | | | 2 | 100% |
| Stálhöfði | | | 12 | 64% | 38 | 97% |
| Baughamar | | | 26 | 84% | 159 | 96% |
| NLSH Bílakj /HVS | 8 | 96% | 103 | 81% | 271 | 96% |
| Skútahraun (Lager) | 45 | 61% | 110 | 88% | 99 | 95% |
| Vorbraut | | | | | 21 | 95% |
| Þorraholt/Hekla | | | 27 | 80% | 473 | 94% |
| Urðarhvarf | 28 | 12% | 82 | 14% | 15 | 89% |
| Urriðaholtsstræti | 15 | 88% | 183 | 80% | 299 | 85% |
| Tónahvarf | 35 | 80% | 12 | 0% | 17 | 69% |
| Hjúkrunarheimili RNB | | | 74 | 84% | 6 | 55% |
| **Samt. og vegin hlutföll** | **1298** | **58%** | **946** | **66%** | **1404** | **91%** |

## 2. Breytingar á milli ára, magns og endurheimtarhlutfall hækkar.

Magn úrgangs er verulega meira en 2024 eða úr 946 tonnum í 1404 sem er 48% aukning en samsetning og staða verkefna er síbreytileg. Endurheimtarhlutfallið fer verulega hækkandi og er 91% miðað við 66% árið 2024 og 58% árið 2023.

Ástæðuna má aðallega reka til breyttrar meðhöndlunar Sorpu á blönduðum úrgangi sem nú fer til brennslu í stað urðunar. Sú breyting á meðhöndlun er skráð á úrgang frá og með júlí 2025.

**Samþætt áhrif þessa er að kolefnislosun úrgangs er 60 tonn $CO_2$ ígilda fyrstu 9 mánuði ársins en var 127 tonn $CO_2$ ígildi árið 2024. Það er að jafnaði rúm 5 tonn á mánuði en var að jafnaði 10,5 tonn 2024 og er því um 53% lækkun að ræða.**

Á næstu síðu má sjá yfirlit yfir hlutfall úrgangsflokka fyrir ÞG Verk í heild og meðhöndlun úrgangs.



Bergur Helgason gæða- og öryggisstjóri.

**ÞG Verk, allir verkstaðir 2025.**

**Úrgangsmyndun eftir úrgangsflokkum. Raðað eftir magni.**




**Meðhöndlun úrgangs eftir úrgangsflokkum**

